



Alþingi
Erindi nr. P 143/137
komudagur 5.11.2013

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi - velferðarnefnd
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík 31. október 2013

1310080SA TP
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um lögfestingu Norðurlandasamnings um almannatryggingar – 22. mál 143. lp.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 18. október sl., þar sem ofangreint þingmál er sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Gildi norræns samstarfs í velferðarmálum

Sambandið er almennt mjög hlynnt auknu norrænu samstarfi í velferðarmálum, og fagnar þeirri áherslu sem fram kom á nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs í Osló.

Sérstaka athygli vekur að á þinginu kynnti Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra og samstarfsráðherra Íslands, nýja framkvæmdaáætlun sem ætlað er að ryðja úr vegi hindrunum sem fram koma þegar norrænir borgarar fara milli landa vegna atvinnu, menntunar eða búferlaflutninga af persónulegum ástæðum.

Í nýju framkvæmdaáætluninni er lögð áhersla á mikilvægi samræmingar starfsins á öllum stjórnsýslustigum. Þá skal samráð haft, eftir því sem þörf krefur, um að koma í veg fyrir að nýjar stjórnsýsluhindranir myndist þegar ný lög eða lagabreytingar og reglur ganga í gildi í löndunum.

Af hálfu sambandsins er bent á þá miklu vinnu sem þegar hefur farið fram á vettvangi Norðurlandaráðs um þetta efni og sem lýst er í ágætri greinargerð um stjórnsýsluhindranir á sviði félags- og vinnumarkaðsmála frá því í apríl á síðasta ári (Nord 2012:010).

Þróun Evrópuréttar

Eins og fram kemur í greinargerðinni hefur þróun Evrópuréttar haft veruleg áhrif á þann Norðurlandasamning um almannatryggingar, sem verið hefur í gildi að landsrétti hér, sbr. lög nr. 66/2004 um það efni.

Ísland hefur nú, seinast Norðurlanda, innleitt reglugerðir (EB) nr. 883/2004, nr. 988/2009 og nr. 987/2009 sbr. þingsályktun er samþykkt var 25. apríl 2012 (gildistaka 1. júní 2012). Það gerir að verkum að þessar gerðir mynda nú samræmdan lagagrundvöll, sem áður var að finna í Norðurlandasamningnum (um málefni norrænna borgara sem ekki voru í starfi og afmarkaðan hóp borgara ríkja utan EES).

Eins og fram kemur í greinargerð með frv. verða ákvæði nýja samningsins því fyrst og fremst til fyllingar Evrópureglugerðunum og munu í einhverjum tilvikum veita ríkari réttindi en af þeim leiðir. Af þeirri ástæðu getur sambandið tekið undir að fyrirhuguð lagasetning og



Norðurlandasamningurinn hafi „almennt jákvæð áhrif“ fyrir þá sem falla undir íslenska löggjöf á sviði almannatrygginga og fara á milli norrænu ríkjanna.

Nánar um stjórnsýsluhindranir

Óhjákvæmilegt er á hinn bóginn að benda á að eftir sem áður verða við lýði margar og mjög bagalegar stjórnsýsluhindranir, sem raktar eru í áðurgreindri skýrslu og sem kalla á atbeina löggjafans.

Sérstök athygli er vakin á ólíkum reglum í norrænu löndunum um rétt til örorkubóta og hvernig reikna eigi örorkubætur (liður B9 í skýrslunni). Þessar reglur, m.a. um búsetuskilyrði og skilyrði þess að fá örorkumat, eru áberandi stjórnsýsluhindrun þegar norrænir borgarar fara á milli ríkjanna.

Sambandið hefur á síðustu misserum fylgst með fjölgun þeirra öryrkja sem fá skertan eða engan örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) vegna búsetuskilyrða.

Í nýjum tölum TR kemur m.a. fram að þeim örorkulífeyrisþegum fjölgar mikið milli ára sem sæta skerðingum vegna búsetuskilyrða. Þessi hópur var 686 manns á síðasta ársfjórðungi 2012, sbr. svar sem velferðarráðherra veitti á Alþingi (615. mál 141. lþ.) en var þann 1. september sl.komin upp í 1.006. Fjölgun er því 320 manns á innan við einu ári eða um tæplega 50%.

Þessi fjölgun skýrist m.a. af breyttri framkvæmd sem tekin var upp hjá TR á árinu 2009, en frá því ári og fram til 1. september 2013 hefur þessum búsetuskerðingum fjölgað um 250%. Þetta er mikið umhugsunarefni því þeir sem verða fyrir þessum skerðingum leita margir á náðir fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga þar sem þeir eru síðan fastir það sem eftir er og jafnvel um áratugaskeið.

Í umræðum um þetta mál hefur sambandið lagt megináherslu á að hlutverk fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga er að vera tímabundið neyðarúrræði fyrir þær fjölskyldur sem vegna margvíslegra áfalla missa framfærslu sína að meira eða minna leyti. Það sé hins vegar alls ekki hlutverk sveitarfélaga skv. gildandi lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, að tryggja framfærslu stórra hópa til frambúðar. Sé vilji til þess að fela sveitarfélögum breytt hlutverk verði það ekki gert án lagabreytinga.

Með vísan til þessa skorar sambandið á velferðarnefnd Alþingis að taka til skoðunar breytingu á lögum um almannatryggingar til þess að koma í veg fyrir að þessi stóri og sístækkandi hópur öryrkja lendi á framfæri sveitarfélaganna vegna búsetuskerðinga, þar sem alveg er undir hælinn lagt hvort annað norrænt ríki sé reiðubúið að bæta skerðinguna upp með greiðslu örorkubóta úr sínum sjóðum.

Samandregið

Taka má undir að fyrirhuguð lagasetning og Norðurlandasamningurinn hafi „almennt jákvæð áhrif“ fyrir þá sem falla undir íslenska löggjöf á sviði almannatrygginga og fara á milli norrænu ríkjanna. Sambandið styður því að frumvarpið nái fram að ganga.



Jafnframt ber að leggja mikla áherslu á þá ríku hagsmuni sem sambandið telur að íslenskt samfélag hafi af því að áfram sé unnið gegn stjórnsýsluhindrunum og stuðlað að samræmi milli Norðurlanda sérstaklega hvað við kemur reglum um örorkubætur.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs